

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skrifstofa loftslagsmála
uar@uar.is

Reykjavík, 13. september 2021
E-2021-336/00.11

Efni: Umsögn um reglugerð um niðurdælingu koldíoxíðs

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, nr. 550/2018, í framhaldi af lögum nr. 12/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sem fólu í sér innleiðingu tilskipunar 2009/31/EB um geymslu koltvísýrings í jörðu. Reglugerðardrögunum er ætlað að kveða nánar á um framkvæmd niðurdælingar koldíoxíðs í jarðlög. Lagt er til að drögin sem hér eru kynnt, verði breyting á reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, nr. 550/2018, til að tengja betur saman reglur um starfsleyfi, vöktun og eftirlit. Landsvirkjun hefur kynnt sér efni draganna og þakkar tækifærið til umsagnar.

Fyrirtækið lagði fram umsagnir á fyrri stigum og leggur áfram áherslu á að sá eðlismunur sem liggur í starfsemi milli svokallaðs „injection“ og „re-injection“ sé viðurkenndur á skýran hátt í reglugerðinni. Mikilvægt er að ekki sé hægt að túlka reglugerðina á þann hátt að lagðar verði fram íþyngjandi kröfur á hefðbundna jarðvarmavinnslu á Íslandi. Landsvirkjun vill enn fremur benda á að gæta þurfi samræmis milli íslenskra laga og reglugerða og regluverks Evrópusambandsins. Nauðsynlegt er að tryggja skýrleika um hvort reglugerð um niðurdælingu koldíoxíðs fylgi regluverki Evrópusambandsins eða hvort um auknar eða minnkaðar kröfur sé að ræða.

Eðlismunur á hefðbundinni jarðhitavinnslu á Íslandi og nýrrar „e. injection“ tækni

Landsvirkjun ítrekar, eins og fram kom í umsögn fyrirtækisins um lagabreytingar vegna innleiðingu tilskipunar ESB 2009/31/EB um kolefnisföngun og geymslu á koldíoxíði, þann skilning fyrirtækisins að um sé að ræða innleiðingu á ramma utan um niðurdælingu (e. injection) koldíoxíðs í önnur jarðlög en það kom úr. Að mati Landsvirkjunar eigi tilskipunin því **ekki** við um þau tilvik þegar koldíoxíði er dælt strax aftur niður (e. re-injection) í jarðlög þaðan sem það kom þ.e. aftur í sitt náttúrulega umhverfi eins og á við um jarðhitavinnslu á Íslandi.

Eðlilegt er að leyfi fyrir því að skila koldíoxíð frá jarðvarmavirkjunum aftur ofan í jarðhitageyminn fylgi skilyrðum í nýtingarleyfi jarðvarmavirkjana og að vöktun og eftirlit vegna slíkrar starfsemi verði í samræmi aðra vöktun tengda slíkri starfsemi, svo sem niðurdælingu á affallsvatni aftur ofan í jarðhitageyminn.

Í inngangi er tilgreint að reglugerðin eigi við stór verkefni (>100 kílótonnum af koldíoxíði). Hérlandis er í undirbúningi niðurdæling á koltvísýringsi sem fangað er úr útblæstri stórra iðnvera, úr andrúmslofti eða jafnvel flutt inn frá erlendum iðnverum. Sjálfsagt og eðlilegt er að reglur þær sem hér er fjallað um nái yfir slíka starfsemi og gerir Landsvirkjun ekki neinar athugasemdir við þau áform.

Breytingartillaga

Í ljósi þessa leggur Landsvirkjun til eftirfarandi viðbætur á grein 51. a: „Ákvæði þessa kafla taka ekki til starfsemi jarðvarmavirkjana þar sem koldíoxíði er dælt strax aftur niður (re-injection) í jarðlög þaðan sem það kom þ.e. aftur í sitt náttúrulega umhverfi.“

Virðingarfyllst,


Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri


Bjarni Pálsson
Forstöðumaður, þróun jarðvarma